

## Á rölti um Vífilsstaðahlíð

Að loknum erli hversdagsins eða í helgarfríunum er fátt heilsusamlegra en leita um stund frá umhverfi vanans og breyta örlítið til, finna nýtt, kynnast nýju. Í næsta nágrenni höfuðstaðarins eru margir staðir, sem bjóða upp á slíkt. Einn þeirra er Vífilsstaðahlíðin, en svo nefnist hæðin fyrir austan Vífilsstaði og nær allt austur að Búrfellsgjá. Þótt Vífilsstaðahlíðinn láti ekki mikið yfir sér, er hún sannarlega þess virði að helga henni einn pistil í blaðinu.

Við öikum innfyrr hliðið á Heiðmerkurgirðingunni sunnan undir hlíðinni og leggjum þar bílnum. Þaðan höldum við á brattann og stefnum á myndarlega grjótvörðu, sem hlaðin hefur verið vestast á hlíðarbrúninni. Brekkan þangað upp er auðveld. Hun er vaxin smávöxnu kjarri og inn á milli liggur berjalyngið, sem gefur fyrirheit um aðra ferð á þessar slóðir þegar haustið nálgast.

Frá vörðunni er víðsýnt. Þaðan gefur að líta víða sýn yfir kaupstaðina fjóra og Álftanesið, með Bessastaði í forgrunni. Beint á móti, handan við Hraunholtslækinn, sem kemur úr Vífilsstaðavatni er liggur norðan við hlíðina, eru Vífilsstaðir, heilshæli sjúklinga, sem upphaflega var byggt sem sjúkrahús fyrir berklaveikt fólk, meðan sá sjúkdómur var landlægur hér. Vífilsstaðir voru landnámsjörð, því sagan segir að þar hafi fyrsti bóndinn verið Vífill, þræll Ingólfs Arnarsonar. Vífill fann öndvegissúlur hans reknar á land og fyrir þessa dyggu þjónustu gaf Ingólfur honum frelsi og þessa bújörð. Athygli vekur hversu snyrtilegt allt er umhverfis sjúkrahúsið og ber það húsráðendum fagurt vitni.

En varðan sjálf er athyglinnar verð. Hún er vel hlaðin og að auki ber hún nafnið Gunnhildur. Þessi nafngift er á reiki. Sumir segja, að hún hafi verið nefnd í höfuð einhverrar valkyrju, sem bjó á Vífilsstöðum fyrr á árum, en aðrir segja þetta nafn afbökun úr Gun Hill, en á hernámsárunum var öflugt byssuhreiður þarna fremst á hlíðarbrúninni. En hvernig sem þetta nafn er til komið, þá mun þessi varða hafa haft nokkurt gildi fyrir sjúklingana á hælina, því sagt er að þeir hafi haft það fyrir reglu, margir hverjir, að ganga upp að vörðunni til að mæla þrek og úthald þegar aðstæður leyfðu.

Frá vörðunni göngum við aðeins til norðurs og horfum yfir Vífilsstaðavatnið og nágrenni þess, en síðan tökum við stefnuna austur eftir hálsinum. Þetta er ágætis gönguland, því hann er sléttur, sendinn og fastur undir fæti. Austan við Vífilsstaðahlíð eru Hjallar, sem eru misgengisbrúnir og norðvestan við þá er hæðin Arnarbæli og Vatnsendaborg. Þangað er ferðinni heitið. Norðan til á hálsinum er grunn lægð. Þar safnast vatn í vorleysingum og í rigningatíð. Myndast þá tvær tjarnir sem kallast Grunnvötn. Þurrlendi er á milli þeirra og þar hafa starfsmenn rafveitu gert veg, sem sjálfsagt er að þræða meðan það hentar. Arnarbælið er nær og þangað skal fyrst halda.

Af Arnarbælinu sést vel yfir Elliðavatnið, byggðina umhverfis það og austurhlíð Rjúpnahæðarinnar fær ekki dulist. Þetta sjónarhorn er vafalaust nýtt fyrir flestum. Frá Arnarbæli er stuttur spölur að Vatnsendaborginni, en hún er merkilegt minnismerki um forna búskaparhætti. Áður fyrr urðu menn oft að tefla djarft þegar um stærð bústofnsins var að ræða. Ef ekki var til nægilegt vetrarfóður, settu menn á “guð og gaddinn” sem kallað var. Þá var sauðfénu haldið til beitar eins lengi vetrar og tíð leyfði. Í stað þess að koma því inn í hús til skjóls í slæmum veðrum hlóðu menn oft hringlaga, þaklaus byrgi með háum veggjum. Þar var beitarféð geymt meðan óveður geisadi. Í slíkum tilgangi var þessi borg hlaðin, en það mun hafa verið gert snemma á 20.öld. Nú eru komin skörð í veggina á nokkrum stöðum, en meginhluti

þeirra stendur enn og gefur glögga mynd af þessu mannvirki, sem er hluti af búskaparsögu landsins. Innan veggja er gott skjól. Gólfíð er grasi gróið og slétt. Því er tilvalið að tylla sér þar niður, taka upp nestisbitann, súpa á kaffinu og halda smá “veislu undir grjótvegg”, svo vitnað sé í þekktan bókartitil.

Nú er kominn tími til að snúa til baka. Við göngum suður eftir brún Hjallanna og stefnum á hringsjá, sem þar er. Skógræktarfélag Reykjavíkur kom henni þar fyrir á sinni tíð og er þar að finna helstu örnefni þeirra staða sem við blasa. Ef tími er nægur er sjálfsagt að bregða sér yfir girðinguna og niður í Búrfellsgjá að Gjáarréttinni, sem þar er. Þar eru merkilegar minjar um hina fornu búskaparhætti byggðarinnar við ströndina, sem sjálfsagt er að skoða.

Í bakleiðinni röltum við eftir veginum áleiðis að bílnum. Hann þræðir sléttlendið milli hrauns og hlíðar og hallar mátulega undan fæti. Skógræktarmenn í Hafnarfirði hafa unnið mikið og óeigingjarnt verk við gróðurrækt í hlíðinni og er árangurinn þegar farinn að setja áberandi svip á umhverfið. Víða hafa verið markaðar ákveðnar spildur sem eru helgaðar ákveðnum einstaklingum, sem eiga þarna mörg handtök frá fyrri tíð. Eru nöfn þeirra grópuð á skilti sem blasa við sjónum þeirra sem fara um veginn. Fróðlegt er að kynna sér þessi nöfn og virða um leið fyrir sér þann árangur sem er afrakstur starfs þessa áhugasama fólks. Ætti það fordæmi að vera okkur nokkur hvatning til frekari dáða við landgræðslu og landvernd.

(Mbl. dags. óviss sennil. 1979)